

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR  
nr. 197/2016

2018/EES/19/34

frá 23. september 2016

um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn, um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka  
fjórþætta frelsisins

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, (hér eftir „EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Rétt er að auka samstarf aðilanna að EES-samningnum að umfangi svo það taki til framseltrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/758 frá 4. febrúar 2016 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1315/2013 að því er varðar aðlögun III. viðauka við hana <sup>(1)</sup>.
- 2) Því ber að breyta bókun 31 við EES-samninginn svo aukið umfang samstarfsins geti átt sér stað.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi er bætt við í undirlið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1315/2013) 6. mgr. 12. gr. bókunar 31 við EES-samninginn:

„, eins og henni var breytt með:

- **32016 R 0758:** Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/758 frá 4. febrúar 2016 (Stjútíð. ESB L 126, 14.5.2016, bls. 3).“

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103 gr. EES-samningsins hefur farið fram <sup>(\*)</sup>.

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 23. september 2016.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

**Bergdís Ellertsdóttir**

formaður.

<sup>(1)</sup> Stjútíð. ESB L 126, 14.5.2016, bls. 3.

<sup>(\*)</sup> Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.